



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 9. maí 2017.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022, 372. mál, stjórnarþingsályktunartillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 6. apríl 2017 þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022, 372. mál á 146. löggjafarþingi.

Um er að ræða þingsályktunartillögu sem er að grunni til um sama efni og þingsályktunartillaga sem lögð var fram á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. LÍ gaf umsögn um fyrri þingsályktunartillögu og er hana að finna hér: <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1797.pdf>.

Í þingsályktunartillögunni er enn gert ráð fyrir í h-lið 1. tölul. að kannað verði hvort æskilegt sé að heimilað verði að selja tiltekin lausasöluþyngi í almennum verslunum. LÍ ítrekar fyrri afstöðu sína hvað þetta varðar. LÍ er almennt séð ekki hlynnt því að lausasöluþyngi verði seld annars staðar en í lyfjabúðum.

Í þingsályktunartillögunna er nú búið að bæta við nýjum staflið í 1. tölulið, staflið i, svohljóðandi: „Stefnt verði að því að sérmenntaðir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái takmarkaðan rétt til að ávísa ákveðnum lyfjum.“ Í skýringum er vísað til þess að embætti landlæknis og ýmsir aðrir aðilar hafi ályktað um þetta og sagt er að að þessu skuli stefnt. LÍ minnir á að fyrir nokkrum árum lagði heilbrigðisráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum þar sem gert var ráð fyrir þessari rýmkun til handa hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum og hún takmörkuð við ávísun hormónatengdra getnaðarvarna. Þó að um stjórnarfrumvarp væri að ræða komst það aldrei á dagskrá Alþingis og dagaði því uppi.

Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til lyfjalaga sem fól í sér heildarendurskoðun gildandi lyfjalaga. Frumvarpið dagaði uppi. Þar var ekki gert ráð fyrir þessari rýmkun og verður að ætla að það hafi verið niðurstaða vandlegrar athugunar á málinu.

Það vekur því undrun að í þessari þingsályktunartillögu skuli þessi stefnumörkun sett fram án þess að sérstök athygli sé vakin á því og án þess að það sé útskýrt sérstaklega hvað hafi breyst hvað þetta varðar frá því að heildarendurskoðun lyfjalaga fór fram á síðasta ári. Í inngangi greinargerðar er t.d. ekki vikið að þessari breytingu heldur fullyr: „Tillaga þessi er að grunni til samsvarandi þingsályktunartillögu um sama efni sem lögð var fram á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga.“ LÍ vísar til umsagnar sinnar um lyfjalagafrumvarpið frá því í fyrra sem er að finna hér: <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1796.pdf>. Sömmuleiðis bendir LÍ á umsögn Félags ísl. fæðinga- og kvensjúkdómalækna (FÍFK) um frumvarp til lyfjalaga frá síðasta ári. Þá umsögn er að finna hér: <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1858.pdf>. LÍ hefur eindregið lagt gegn því að lyfjaávísunarheimildir verði rýmkaðar og telur að reynslan í nágrannalöndunum sé ekki sú að það sé ástæða til að fylgja þeim eftir hvað þetta varðar. Sú andstaða er ítrekuð hér með og lagt er til að i-stafliður í 1. tölul. verði felldur brott.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna þessarar þingsályktunartillögu, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,



Þorbjörn Jónsson,  
formaður.